

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 29. janúar 2008 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði. Breytingin felst í að felldur er út hluti af áætluðum hesthúsalóðum við Kaplaskeið. Á þessu svæði verði lagt nýtt gatnakerfi sem felur í sér fleiri lóðir fyrir hesthús auk þess sem gert er ráð fyrir að lóð Íshesta við Sörlaskeið verði uppfærð í samræmi við samþykkt deiliskipulag frá árinu 2006. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 6. mars 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2008